

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Dalabyggð, 12. september 2025

Varðar: Umsögn Dalabyggðar um umhverfismatsskýrslu um vindorkuver að Hróðnýjarstöðum

Dalabyggð telur að ágætlega sé gerð fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum við vindorkuver, umfangi þeirra, flutningum og öðrum framkvæmdapáttum í framkvæmdalýsingu. Þá eru ásýndarmyndir í meðfylgjandi myndahefti að mestu vel unnar og gefa skýra mynd af sjónrænum áhrifum framkvæmdar frá völdum stöðum innan 45 km athugunarsvæðis umhverfis framkvæmdasvæðið.

Dalabyggð vill hér fyrst benda á atriði sem snúa að forsendum í skipulagsáætlunum Dalabyggðar og leyfum Dalabyggð sem framkvæmdin þarf.

Samræmi við aðalskipulag Dalabyggðar

Fram kemur í kafla 9.3 *Aðalskipulag* í umhverfismatsskýrslu að framkvæmdasvæðið er skilgreint iðnaðarsvæði í Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032, sbr. *18 Vindorkugarður á Hróðnýjarstöðum*. Þar er einnig rakið hvernig breyting á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna iðnaðarsvæðis vindorkugarðs hafi fyrst verið synjað um staðfestingu innviðaráðherra í apríl 2022, þar sem vindorkuverið hafði ekki fengið umfjöllun í Rammaáætlun, en síðar hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar í júní 2022 þegar iðnaðarsvæðið hafði jafnframt verið skilgreint varúðarsvæði (VA2), í samræmi við 1. mgr. 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 og 4.5.3 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Framkvæmdalýsing í umhverfismatinu samræmist skipulagsákvæðum um iðnaðarsvæðið.

- Sveitarstjórn Dalabyggðar gerir athugasemd við að í kaflanum um aðalskipulag er ekki gerð grein fyrir ákvæðum aðalskipulags um varúðarsvæði VA2 – hvað fellst í þeirri skilgreiningu. Lesendur umhverfismatsskýrslu eiga ekki að þurfa að fletta þessu mikilvægu stefnuákvæðum upp í aðalskipulaginu sjálfu. Við lestur kaflans, án umfjöllunar um ákvæði um varúðarsvæði, mætti ætla að staðfesta vindorkuverið í gildandi aðalskipulagi Dalabyggðar án fyrirvara.

Ákvæði **Aðalskipulags Dalabyggðar 2020-2032** um varúðarsvæði VA2 eru svohljóðandi:

„Innan reitsins er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu. Heimilt er að veita leyfi tengd orkurannsóknnum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki háðar umhverfismati.“

Í aðalskipulaginu, kafla 11.10 *Varúðarsvæði*, kemur enn fremur fram:

„Svæði sem skilgreind eru sem iðnaðarsvæði ætluð vindorkugörðum, sbr. kafla 11.6, eru einnig skilgreind sem varúðarsvæði. Á þessum svæðum er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu, þar sem þau hafa ekki hlotið umfjöllun í rammaáætlun. Verði svæði sett í nýtingarflokk í rammaáætlun skal viðkomandi varúðarsvæði aflétt í samræmi við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011.“

Forsenda fyrir leyfisveitingum til framkvæmdar vindorkuversins á Hróðnýjarstöðum er því að vindorkuverið fari fyrst í nýtingarflokk Rammaáætlunar og í kjölfar þess verði varúðarsvæðið VA2 felld út með aðalskipulagsbreytingu.

- Þetta hefði átt að koma skýrt fram í umhverfismatsskýrslu og umfjöllun um aðalskipulag.

Deiliskipulag

Vinna þarf deiliskipulagsáætlun fyrir virkjunarsvæðið í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Leyfi Dalabyggðar:

Þörf er á framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið Dalabyggð veitir (samkvæmt 14. grein skipulagslaga nr. 123/2010). Þörf er á byggingarleyfi frá byggingarfulltrúa Dalabyggðar (samkvæmt 9. grein laga nr. 160/2010 um mannvirki).

Rammaáætlun (kaflí 9.5 í umhverfismatsskýrslu)

Í kaflanum um rammaáætlun er sett fram skoðun framkvæmdaraðila á löggjöfinni um rammaáætlun þ.e. lög 48/2011 um vernd og nýtingu orkuauðlinda. Í kaflanum er sett fram gagnrýni á það að vindorkukostir falli undir rammaáætlun og áhrif laganna á umhverfismál, samfélag og efnahag.

- Dalabyggð telur að í þessum kafla um rammaáætlun hefði átt að gera grein fyrir stöðu framkvæmdarinnar með tillit til rammaáætlunar, þ.e. hvort vindorkukosturinn Hróðnýjarstaðir hefuri verið tekin til umfjöllunar hjá verkefnistjórn rammaáætlunar. Flokkun vindorkuversins á Hróðnýjarstöðum í nýtingarflokk er meginforsenda framkvæmdarinnar sbr. ákvæði um varúðarsvæði VA2, eins og áður er rakið fyrr í umsögninni um aðalskipulag Dalabyggðar.

2. Umhverfismat

Dalabyggð sendi frá sér umsögn vorið 2024 varðandi stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi. Þar kom fram og er ítrekað hér að uppbygging virkjunarkosta í vindorku héraendis, í sem mestri sátt við náttúru og líffræðilega fjölbreytni, geti orðið ein af grunnstoðum sjálfbærrar orkuöflunar landsins. Til að það sé mögulegt þurfi að taka sérstakt tillit til fugla í íslenskri náttúru, viðkvæmra og einstakra svæða í náttúrunni sem og menningarminja, hljóðrænna og sjónrænna áhrifa.

Sveitarstjórn Dalabyggðar leggur hér fram ákveðnar ábendingar og athugasemdir við umhverfismatið, forsendur þess og niðurstöður.

Niðurstöður umhverfismatsins eru settar fram fyrir hvern umhverfispátt, en ekki er fjallað um hvort áhrif eru mismunandi á framkvæmdatíma og rekstratíma. Vægiseinkunnir frá vægust til mestu áhrifa eru eftirfarandi: **óveruleg**, **nokkuð** jákvæð/neikvæð, **talsvert** jákvæð/neikvæð og **verulega** jákvæð/neikvæð.

Niðurstæða um heildaráhrif framkvæmdar fyrir umhverfispættina *hljóðvist*, *jarðminjar*, *foraleifar* og *skuggaflökt* eru metin **óveruleg**. Heildaráhrif metin **nokkuð neikvæð** á *fugla*, *gróður*, *ásýnd/landslag* og *ferðaþjónustu*. Heildaráhrif á *samfélag* eru metin **verulega jákvæð**.

Dalabyggð telur að umfjöllun um umhverfisáhrif sé fullnægjandi fyrir umhverfispættina hljóðvist, fornleifar, gróður, jarðminjar og skuggaflókt og gerir ekki athugasemdir við umfjöllun um þessa þætti.

Að mati sveitarstjórnar þurfa niðurstöður um aðra umhverfispætti nánari skoðun og rökstuðning og fjalla þarf um aðra þætti að auki í umhverfismatsskýrslunni og verður það rakið hér að neðan.

Landslag / ásynd

Framkvæmdin felur í sér byggingu 18 vindmyllna sem verða með 90 m. turnhæð og 155 metra þvermál spaða. Hæsti punktur vindmyllnanna getur því orðið um 167,5 m. með spaða í efstu stöðu. Vindmyllur af slíkri stærðargráðu verða sýnilegar í mikilli fjarlægð nema það sé eitthvað sem skyggir á útsýnið að þeim, eins og landslagsþættir eða gróður. Á þessu landsvæði sem um ræðir eru slíkir þættir nánast eingöngu landslagsform eða byggð mannvirki, þar sem lítið er um hávaxinn gróður eins og skóglendi og trjábelti.

Dalabyggð telur ásyndarmyndir í myndahefti með umhverfisskýrslu að mestu vel unnar og gefa góða mynd af sýnileika vindorkuversins frá völdum sjónarhornum. Í viðauka V er landslags og ásyndargreining sem flokkar 15 landslagsheildir á áhrifasvæði vindorkuversins innan 45 km frá því og leggur mat á áhrif á landslagsheildirnar.

Áhrif á landslagsheildina *Laxárdal og nágrenni* (nr.2) eru metin **talsverð** og innan landslagsheildar eru jafnframt **veruleg samlegðaráhrif** með vindorkuverinu á Sólheimum. Víða innan landslagsheildar mun sjást til beggja vindorkuvera.

Niðurstaða umhverfisskýrslu um heildaráhrif á ásynd og landslag eru metin **nokkuð** neikvæð.

Í umfjöllun um umfang breytinga kemur fram eftirfarandi rökstuðningur á niðurstöðum: „*Umfang breytinga er talið miðlungs-mikið vegna nálægðar, útbreidds og mikils sýnileika, mikilla breytinga á landslagseinkennum, beinna og óafturkræfra áhrifa vegna rasks á landi og þónokkurs sýnileika frá Vestfjarðavegi sem er mikilvæg ferðaleið, en það dregur úr áhrifunum að frá mörgum hóbýlum sést mjög lítið eða ekkert í vindmyllur vegna landforma, mikið er um mannvirki fyrir á svæðinu og þar sem verða sjónræn áhrif eru áhrifin afturkræf.*“

- Dalabyggð telur að vinna hefði átt ásyndarmynd frá sjónarhorni við norðurjaðar þéttbýlisins í Búðardal sem mun byggjast meira upp til norður skv. gildandi skipulagi. Í norðurhluta bæjarins er íbúðabyggð og ætla má að sýnileiki vindmylla verði meiri þaðan en frá þeim tveimur sjónarhornum sem valin voru í ásyndarmyndahefti og eru bæði fremur sunnarlega í þéttbýlinu.
- Einnig hefði átt að vinna ásyndarmynd frá Ljárskógaströnd, verslunar- og þjónustusvæði VÞ18 og aðliggjandi svæði fyrir frístundabyggð. Það er hvergi fjallað um þetta svæði í umhverfismatinu og líklega er næmni þess fyrir ásyndar og landslagsáhrifum vanmetið af þeim sökum því viðvera fólk þar er vanmetin. Áhrif á landslagsheildina eru líklega meiri þ.e. **veruleg** fremur enn **talsverð**.

Ferðapjónusta og útivist

Að mati Dalabyggðar eru áhrif á ferðapjónustu vanreiknuð þar sem ekki er hægt að fullyrða um viðbrögð ferðamanna á svæðinu eftir að verkefnið er komið af stað. Í umhverfisskýrslunni er talað um að svæðið sé ekki mikið ferðamannasvæði.

Áætlað er að í kringum 57.000 ferðamenn fari um Dalabyggð á ári og að meirihluti þeirra sé annaðhvort að stunda laxveiði, sé að fara þar um til að sækja aðra ferðamannastaði eða til að sjá sögusvið Íslendingasagna. Rannsóknir á ferðamennsku á Íslandi eru ófullnægjandi hvað varðar hversu mikið af svæðinu myndi verða fyrir áhrifum vegna þróunar á vindmyllum.

Það er stefna Dalabyggðar í aðalskipulagi að ferðapjónusta eflist og ferðapjónusta er að byggjast upp í sveitarfélaginu. Það er ágalli á umhverfisskýrslunni að ekki er gerð grein fyrir stefnu um verslunar- og þjónustusvæðin sem eru með ferðapjónustu og gististarfsemi, heldur aðeins vísað í stefnu Dalabyggðar um afþreyingar og ferðamannasvæði í aðalskipulagi Dalabyggðar í kafla 6.7 *Ferðapjónusta og útivist*.

- Í umhverfismatsskýrslunni í kafla um mat á áhrifum á ferðapjónustu og útivist vantar umfjöllun um þau verslunar- og þjónustusvæði aðalskipulags sem eru fyrir gistipjónustu, sbr. Laugar í Sælingsdal (VP1) og Ljárskógaströnd (VP18 og VP19) sem eru innan áhrifasvæðis vindorkuversins. Á þessum verslunar- og þjónustusvæðum er samanlagt gert ráð fyrir 288 gistirúmum auk tjaldsvæða og þjónustu. Á Laugum og Ljárskógaströnd er í rekstri hótél og gististarfsemi.
- Dalabyggð telur að þessi ágalli breyti jafnframt forsendum mats á áhrifum á landslag og ásýnd því af vægi og næmni Ljárskógastrandar hefur hækkað vegna uppbyggingar þar.
- Dalabyggð bendir á að við Ljárskógaströnd skammt sunnan við ána Fáskrúð í aðeins um 2.5 km fjarlægð frá vindorkuverinu á Hróðnýjarstöðum er verslunar- og þjónustusvæði VP18 og VP19 ætlað fyrir ferðapjónustu og þar gert ráð fyrir allt að 88 gistirúmum. Svæði VP18 hefur þegar verið deiliskipulagt og er að hluta uppbyggt. Þá er þar einnig frístundabyggð í uppbyggingu með 20 frístundahúsalóðum og einnig heimild fyrir gististarfsemi með 30 gistirúmum.
- **Frá þessum skipulögðu svæðum hefði þurft að vinna ásýndarmyndir** vegna mikillar nálægðar þess við vindorkuverið og meta sjónræn áhrif vindorkuversins á þetta uppbyggingarsvæði og landnotkun.
- Þó að ólíklegt sé að framkvæmdirnar skapi forsendubrest fyrir heimsóknnum erlendra ferðamanna þá munu þær vissulega hafa áhrif á ferðalög ferðamanna um héraðið og þá tegund ferðapjónustu sem stunduð er í sveitarfélaginu. Í Dalabyggð er mikið um gististaði og áhersla lögð á að ferðamenn njóti náttúrunnar, s.s. með gönguleiðum, útivist og að fylgjast með dýralífi. Áhersla hefur ekki verið lögð á athafnamikla afþreyingu eða hasar heldur fremur núvitund og hæglæti. Það að *“erlendir ferðamenn ættu flestir að vera vanir því að sjá til vindmylla í eigin löndum”* eru ekki rök með slíkri uppbyggingu ef ferðamennirnir eru einmitt að heimsækja svæðið til að sjá eitthvað annað, s.s. ósnortna náttúru og landslag án mannvirkja.
- Nefnt er að áhrif á útivist heimamanna gætu orðið meiri, enda varanlegri fyrir þá heldur en ferðamenn en viðkvæmnin teljist þó ekki mikil því hægt sé að velja staði til útivistar þar sem sést ekki eða lítið til orkuversins. Þó er ekki gerð greining á útivist og hreyfingu

heimamanna í sambandi við hvort að vinsælir útivistarstaðir eða leiðir séu nærri áætluðum framkvæmdum. Það er nokkuð gróft að ætla heimamönnum að horfa í aðra átt við hefðbundna útivist til að forðast ásýnd framkvæmdanna sem hér um ræðir.

- Laxveiði er stunduð í ánni Fáskrúð og í Laxá í Laxárdal. Eins of fram kemur á ásýndarmyndum í umhverfisskýrslu eru veruleg sjónræn áhrif af vindmyllum við ánnu Fáskrúð sbr. sjónarhorn 14c og 14d í 1,2 km fjarlægð. Við Fáskrúð er líka að vænta áhrifa á hljóðvist. Við veiðhús við Fáskrúð er hljóðstig áætlað 35-49 dB. Sjónræn áhrif og áhrif vindmylla á hljóðstig geta dregið úr ásókn í laxveiðiáran.

Samfélag og efnahagur

Vitnað er til matsskýrslu fyrir framkvæmdina þar sem segir að jákvæð áhrif á nær samfélagið geti m.a. falist í auknum tekjum (fasteignaskatt), vegagerð (bættar samgöngur vegna endurbóta vega), tekjum til samfélagsins á þróunar- og framkvæmdatíma og fjölgun starfa. Þá eru nefnd *óumdeild jákvæð áhrif* af auknu orkuöryggi nær-samfélagsins vegna nálægðar við orkuframleiðsluna. Vænt samfélags- og efnahagsleg áhrif Storm I eru í matsskýrslu talin verða jákvæð fyrir rekstur sveitarfélagsins í gegnum auknar skatttekjur og þannig hærra þjónustustig, fyrir orkuöryggi svæðisins og hugsanlega til að sporna við neikvæðri fólksfjöldaþróun.

Eini fasteignaskattur sem rennur beint til þess sveitarfélags sem um ræðir er af stöðvarhúsum virkjana, miðað við núverandi löggjöf. Enn eru í vinnslu áform um lagasetningu sem komu inn í Samráðsgátt stjórnvalda í sumar um áform um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga þ.e. skattlagningu orkumannvirkja (mál nr. S-89/2025). Þar sem lagt er til að fella úr gildi undanþágu rafveitna (vatnsafls-, jarðvarma- og vindafllsvirkjana) frá fasteignamati. Dalabyggð skilaði inn umsögn við málið þar sem sveitarfélagið fagnaði þessum áformum en erfitt er að fullyrða nokkuð um áhrif þess ef af verður fyrir en lögin hafa verið sett og á reynir.

Þar sem talað er um vegagerð er hvergi minnst á ábyrgð á þeim lagfæringum og uppbyggingu sem þarf að fara í. Ekki er heldur vísað til þess að framkvæmdaraðilar séu komnir af stað með samtal við Vegagerðina um slíkar framkvæmdir, þ.e. hvort úrbætur verði á vegum Vegagerðarinnar og fjármagn komi þar af leiðandi fram í Samgönguáætlun stjórnvalda eða hvort Vegagerðin samþykki að framkvæmdaraðilar sjái um úrbætur og uppbyggingu. Aðeins er nefnt varðandi vegabætur að “með tilheyrandi þungaflutningum hlýtur það að setja farleiðina í forgang hjá yfirvöldum”. Þá má nefna að sauðfé hefur komist yfir svæðið frá landnámsöld og verið hægt að smala óháð vegum á svæðinu, því er vandséð að sú fullyrðing standi að tilvonandi mögulegir vegir muni auðveldla smalamennskur.

Talað er um fjölgun starfa, að búast megi við 424 störfum á byggingartíma og 24 störfum árlega á rekstartíma. Þó sé framkvæmdaraðila ómögulegt að gefa nákvæmar tölur um fjölda starfa með tilkomu verkefnisins. Þegar horft er á áhrif innviða er þó talað um að langflestir starfsmenn á uppbyggingartíma séu aðeins tímabundið á svæðinu og eins að “í langfæstum, og hugsanlega öllum, tilvikum mun fólk sem vinnur tímabundið að uppbyggingu vindorkuversins ekki flytja með fjölskyldur sínar til Dalabyggðar”.

Í samantekt RHA kemur fram að störf við rekstur aflstöðva dreifast víða en þróunin virðist í þá átt að þeim er í auknum mæli sinnt af fólki sem býr í stærri þéttbýlisstöðum, þá ber heimildum ekki saman um starfasköpun. Þó að heimamenn eigi að eiga forgang að störfum og verkum er staða sú í dag að atvinnuleysi í Dalabyggð (1,3% í júlí 2025) er undir meðaltali á Vesturlandi (2,3% í júlí

2025) og landinu öllu (3,4% í júlí 2025). Það eru því ekki margar lausar hendur til verka og ólíklegt að fjöldi fólks segi sig frá daglegum störfum til að sinna tímabundnum verkefnum.

Varðandi tekjur sveitarfélagsins af útsvari vegna fjölgunar starfa þá er tekið fram að engin leið sé til að meta nákvæmlega fjölda starfa sem skapast vegna verkefnisins, né hversu stór hluti þeirra starfsmanna er skráður í Dalabyggð og greiðir útsvar þar, né hver laun starfsmannanna verða. Samt er m.a. fullyrt að þeir þættir sem hafi skorað lægst í Íbúakönnun landshlutanna 2020 (s.s. fólksfækkun, launatekjur og atvinnumöguleikar) muni allir verða fyrir jákvæðum áhrifum af verkefninu.

Í matsáætlun er því haldið fram að nálægð við framleiðsluna auki orkuöryggi svæðisins. Til þess að svo geti orðið þarf sterkt flutningskerfi raforku, ekki kemur fram mat á því hvort núverandi flutningskerfi sé nógu sterkt. Í skýrslu RHA kemur svo m.a. fram að það skorti reynslu af beislun vindorku hér á landi og að hún sé í eðli sínu óstöðug (þ.e. komi ekki að fullu í stað traustari orkugjafa, s.s. vegna þess að vind lægir). Þannig að þó einhver tækifæri (t.d. atvinna eða nýsköpun) geti orðið til við orkuöflun á svæðinu er ekki séð, að svo stöddu, að hægt sé að fullyrða um aukið orkuöryggi.

Miðað við framangreint er erfitt fyrir Dalabyggð að fallast á þá fullyrðingu að áætla megji að heildaráhrif verkefnisins á samfélag og efnahag verði metin verulega jákvæð.

Fuglar

Í mati á áhrifum framkvæmdar á fugla er m.a. fjallað um árekstrarhættu og aðra áhrifaþætti. Í umfjöllun um áflugsmatið (kafla 6.10.3.3.1) segir:

„Gera má ráð fyrir að himbrimar og hafernir lendi í áflugi við vindmyllur fyrirhugaðs vindorkuvers að Hróðnýjarstöðum. Báðar tegundirnar eru á valista, stofnar þeirra eru litlir hér á landi og viðkoma hægt. Áflugsmat sem byggir á dagumferð gerir ráð fyrir tveimur áflugum himbrima á ári. Áflugsmat hafarna byggir á tiltölulega fáum flugferlum og óvissa því mikil en niðurstaðan var 0,6 áflug á birtutíma yfir 9 mánaða tímabil.“

Í umhverfisskýrslu er lagt mat á samlegðaráhrif (kafla 6.10.4) með áætlunum vindorkuverum í Garpsdal og að Sólheimum og niðurstöður eftirfarandi: „Upp reiknuð samlegðaráhrif á haferni vegna verkefnanna, miðað við uppgæfnar forsendur, eru 1,1 árekstrar á ári. Matið tekur ekki til mótvægisáðgerða. Ekki er að búast við að árekstrartíðni sem þessi hafi áhrif á viðkomu stofnsins og með mótvægisáðgerðum ætti að vera hægt að lækka þessa tölu enn frekar, niður í nánast ekki neitt. Árekstrarhætta vegna samlegðar er því metin óveruleg.“

- Dalabyggðar gerir athugasemd við þá fullyrðingu í niðurstöðum matsins að með mótvægisáðgerðum megji minnka áflug fugla niður í nánast ekkert. Árangur mótvægisáðgerða er háður talsverðri óvissu.

Heildarniðurstöður umhverfismatskýrslu um áhrif á fugla eru dregnar saman í eftirfarandi orðum:

„Heildaráhrif á fugla eru því metin bein og neikvæð en í tilliti til fuglastofna geta þau ekki talist varanleg eða óafturkræf. Svæðið er ekki skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og telst því trauðla viðkvæmt. Þá eru áhrifin mjög staðbundin enda eins og áður segir ekki vænst áhrifa á lands- eða héraðsvísu. Áhrifin eru í ósamræmi við stefnu stjórnvalda um almenna friðun fugla en í samræmi við og innan skilgreinda marka um áhrif á vanhöld og viðkomu.“

*Í ljósi ofangreinds eru vænt áhrif á fugla metin **nokkuð neikvæð.***

- Sveitarstjórn telur að rannsaka þurfi betur umferð hafarna við framkvæmdasvæðið og yfir lengra tímabil til að draga úr óvissu um niðurstöður áflugsmats hafarna. Sveitarstjórn vísar í þessu sambandi til rannsóknarreglu og varúðarreglu í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, nánar tiltekið 8. grein laganna um vísindalegan grundvöll ákvarðanatöku og 9. greinar um varúðarregluna. Í valista Náttúrufræðistofnunar þar sem fram kemur að hafarnarstofninn á Íslandi telur aðeins um 90 pör (2024).¹ Ljóst má því vera að hvert einasta dauðsfall hafarna vegur því þungt.
- Í niðurstöðum mats á fugla segir: *Svæðið er ekki skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og telst því trauðla viðkvæmt. Þá eru áhrifin mjög staðbundin enda eins og áður segir ekki vænst áhrifa á lands- eða héraðsvísu.* Sveitarstjórn Dalabyggðar bendir á að 80% hafarnarstofnsins verpir á Vesturlandi og um helmingur (47 pör) með varpstað við Breiðafjörð skv. valista (2025). Svæðið hlýtur því að teljast viðkvæmt hvað viðkemur hafarnarstofninum. Afföll hafarna af völdum vindorkuvers á Hróðnýjarstaðum hlýtur vegna dreifingar hafarnarstofnsins á Íslandi að teljast áhrif á **landvísu** og þar af leiðandi kunna heildaráhrif á fugla að vera meiri þ.e. fá vægið **talsvert** neikvæð áhrif, frekar en nokkuð neikvæð.

Umferð og vegagerð vegna framkvæmdar

Fram kemur í umhverfismatsskýrslu að vindmyllur verði líklegast fluttar frá Grundatangahöfn, og verði þá eknir 117 km að framkvæmdasvæði, eftir Grundartangavegi nr. 506, Þjóðvegi nr. 1, Vestfjarðavegi nr. 60 og Hjarðarholtsvegi nr. 587 að framkvæmdasvæðinu. Samkvæmt umhverfisskýrslu og forathugun er þessi flutningsleið talin raunhæf skv. skýrsluhöfundum. Flutningarnir munu taka tíu vikur með daglegum ferðum flutningabílalesta í lögreglufylgd.

Vegna lengdar flutningabíla með tengivagna (allt að 81 metri) þarf að taka niður ljósastaura og fyrirstöður meðfram vegum á flutningsleiðinni og vegna þyngdar vindmylluhluta og annars farms mun þurfa styrkja burðarþol vega m.a. Hjarðarholtsvegi (nr. 587)

Ekki kemur fram í umhverfismatsskýrslu hver ber kostnað af endurbótum vega sem þungaflutningar vegna framkvæmdarinnar kalla á. Sveitarstjórn Dalabyggðar gerir ráð fyrir að bera **ekki** kostnað af vegaframkvæmdum inna sveitarfélagsins í tengslum við verkefnið.

Aðrir þættir sem umfjöllun vantar um

Örplast

Sveitarstjórn Dalabyggðar tekur undir með Náttúruverndarstofnun, heilbrigðiseftirliti og öðrum sem bent hafa á að veðrun vindmylluspaða úr trefjastyrktu plasti getur leitt til örplastmengunar á rekstartíma vindorkuvers og safnast upp í jarðvegi og vatni.

Mikilvægt er að fá umfjöllun og mat á mengunarhættu af þessum völdum.

Efnanotkun

Ekki kemur fram í umhverfisskýrslunni hvort notuð verða efni til afísingar eða þess háttar aðgerða.

Vatnshlot

Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála ber að leggja mat á áhrif framkvæmda á vatn – yfirborðsvatnshlot og grunnvatnshlot og gera grein fyrir hvort að umhverfismarkmið þeirra náist.


Samkvæmt kafla 8 um vöktunaráætlun kemur fram: „Áætlanir StormOrku gera ráð fyrir að lagt verði mat á áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot þegar leyfi liggja fyrir.“

Sveitarstjórn Dalabyggðar bendir á að mat á vatnshlotum er forsenda leyfisveitinga og óheimilt að gefa út leyfi nema það mat á vatnshlotum liggja fyrir. Mat á vatnshlotum getur ekki farið fram eftir leyfisveitingar heldur þarf að liggja fyrir við undirbúning framkvæmda og umhverfismat þeirra. Það er því ágalli á umhverfisskýrslunni að mati á vatnshlotum sé ekki lokið og sé til umfjöllunar í umhverfismati framkvæmdarinnar.

Að lokum

Dalabyggð vill gjarnan að almennt við gerð umhverfismatsskýrslna skuli gerð grein fyrir hvort einhverskonar tryggingagjald verði lagt til hliðar á framkvæmdatíma sem hægt verði að nýta til að fjarlægja vindmyllur og mannvirki á virkjunarstaðnum þegar verkefni lýkur til að endurheimta fyrra horf landslags og náttúru eins og kostur er.

Virðingarfyllst,


Björn Bjarki Þorsteinsón
Sveitarstjóri Dalabyggðar

